



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Skrifstofa stefnumörkunar og alþjóðamála
Arnarhvoli
Reykjavík

Reykjavík, 12. feb. 2024
Tilvísun: M202311-0669

Efni: Frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóðinn Kríu.

Alþýðusamband Íslands vill ítreka áður innsenda umsögn um sameiningu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins (NSA) og Kríu, sprota- og nýsköpunarsjóðs. Alþýðusamband Íslands styður í grunninn áform um sameiningu NSA og Kríu en getur ekki stutt frumvarp til laga í núverandi mynd og gerir verulegar athugasemdir við áform um uppsögn starfsmanna sem birtist í bráðabirgðaákvæði.

Nýsköpunarsjóður Atvinnulífsins varð til við sameiningu ólíkra fjárfestingalánasjóða árið 1997. Síðan þá hefur sjóðurinn gegnt mikilvægu hlutverk í stuðningi við nýsköpun á Íslandi og fjárfest fyrir um 25 ma. kr. án viðbótar fjárframlaga frá hinu opinbera. Sjóðurinn hefur jafnframt sinnt mikilvægu hlutverki í að fjárfesta í fyrirtækjum sem þurfa þolinmótt fjármagn og geta ekki treyst á einkafjárfesta. Kría nýsköpunarsjóður tók til starfa árið 2021 en hefur einungis í eitt skipti tekið þátt í fjármögnun sjóða, þ.e. í kjölfar fyrstu auglýsingar. Kría hefur ekki fjárfest í nýjum vísissjóðum á árunum 2022-2023 og er sjóðurinn í umsýslu NSA. Ljóst er að litlar forsendur eru fyrir rekstri Kríu í núverandi mynd.

Alþýðusambandið styður áform um sameiningu NSA og Kríu sem myndi skapa hagræði í sjóðaumhverfi á Íslandi. Þessu markmiði yrði að öllum líkindum best náð með því Kría verði felld undir NSA enda umsvif Kríu takmörkuð. ASÍ telur einkennilegt að ekki sé sú leið valin að gera breytingar á núverandi lögum um NSA.

Um 2.gr.

Í 2. gr. er ráðherra veitt heimild til að fela þriðja aðila umsýslu með sjóðnum eða hluta af starfsemi hans. ASÍ telur varhugavert að færa umsýslu frá sjóðnum. Bent skal á að NSA er ekki hefðbundinn fjárfestir heldur sinnir einnig þjónustu- og ráðgjafahlutverki gagnvart þeim félögum sem sjóðurinn fjárfestir í. Hætta er á að slík útvistun vinni gegn markmiðum sjóðsins.

Um 4.gr.

Frá stofnun NSA hafa samtök fyrirtækja í iðnaði og sjávarútvegi tilnefnt stjórnarmann ásamt heildarsamtökum launafólks. Þessi samsetning stjórnar hefur tryggt sjóðnum sterka bakhjarla og trausta ímynd. ASÍ telur sérstaklega gagnrýnivert að með frumvarpinu munu heildarsamtök launafólks ekki eiga fulltrúa í stjórn sjóðsins. Niðurstaðan verður að hagsmunasamtök fyrirtækja munu ein sitja að útdeilingu opinbers fjármagns í fjárfestingar. ASÍ gagnrýnir þessi áform harðlega og telur það afar neikvæða þróun að



snúa aftur til pólitískra skipana sem jafnframt myndu auka hættu á hagsmunarárekstrum og draga úr trausti á ákvörðunum sjóðsins.

ASÍ styður að gerðar verði kröfur um hæfi tilnefndra aðila þannig að þeir búi yfir viðeigandi reynslu og þekkingu. ASÍ telur brýnt að gerðar séu kröfur til að koma í veg fyrir mögulega hagsmunaárekstra, t.d. með því að aðilar sem eigi í fjárfestingum og hafi beinar tengingar við aðra fjárfesta geti ekki setið í stjórn.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið kveður á um niðurlagningu allra starfa hjá Nýsköpunarsjóði Atvinnulífsins. Í raun gengur niðurlagning starfa gegn markmiðum frumvarpsins og felur sú aðgerð í sér áhættu fyrir sjóðinn en einnig mikla óvissu fyrir þau félög sem treysta á þekkingu og ráðgjöf starfsmanna sjóðsins. Í því samhengi skal bent á að starfsfólk NSA situr í stjórnnum fjölmargra félaga og hefur viðamikla þekkingu á rekstri þeirra. Með uppsögnum er búin til áhætta fyrir bæði sjóðinn og þau félög sem fjárfest hefur verið í.

Ekki er að sjá nokkur rök sem hníga til þess að nauðsynlegt sé að „leggja niður störf“ starfsfólks sjóðanna tveggja sem gerð er tillaga um að sameina líkt og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Svipaður gjörningur átti sér stað á síðasta löggjafarþingi í frumvarpi um *Miðstöð menntunar og skólaþjónustu*, sem varð svo að *lögum nr. 91/2023*.

ASÍ hefur verulegar áhyggjur af því hvernig stjórnvöld að því er virðist skauta léttilega framhjá réttindum starfsfólks við breytingar sem eru fyrst og fremst stjórnsýslulegs eðlis en breyta í reynd störfum og verkefnum einstaklinga lítið sem ekkert. Verður að telja það verulegt áhyggjuefni ef hið opinbera telur sig svo lítið bundið gagnvart starfsfólki sínu að það sé reiðubúið að fara í vafasamar túlkningar á *lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins*, til að losa um ráðningarsambönd með tilheyrandi óþægindum fyrir starfsfólk sjóðanna. Til viðbótar má jafnframt nefna að umræddar aðgerðir samrýmast vart meginreglum *stjórnsýslulaga nr. 37/1997*, nánar tiltekið meðalhófsreglu og jafnræðisreglu. Furðu sætir að engin tilraun sé gerð til að rökstyðja svo íþyngjandi ákvarðanir með sérstökum hætti í frumvarpinu.

Samanburður á hlutverki sjóðanna sem til stendur að sameina við hlutverk hins nýja sjóðs ber ekki með sér að verkefnið gjörbreytist sem réttlætir niðurlagningu starfa. Bersýnilegt er t.d. að mati ASÍ að sameining sjóðanna væri framsal í skilningi laga nr. 72/2002 um *réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum* en þar sem þau lög gilda ekki um breytingar á skipulagi og starfsháttum stjórnvalds eða tilfærslu á verkefnum milli stjórnvalda (sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna) koma þau ekki til frekari skoðunar. Framangreint hlýtur að vekja um áleitnar spurningar um endurskoðun á gildissviði þeirra laga í ljósi þröngrar túlkunar stjórnvalda á réttindum einstaklinga skv. *lögum nr. 70/1996*.

Í öllu falli vekur þessi nýfundna lenska stjórnvalda á að leggja niður störf upp áhyggjur á virðingar- og ábyrgðarleysi gagnvart vinnandi fólki í landinu. Með vísan í framangreint skorar ASÍ á stjórnvöld að endurskoða a.m.k. þennan þátt frumvarpsdraganna.

f.h Alþýðusambands Íslands

Eyrún Björk Valsdóttir
Framkvæmdastjóri